



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Vesturbæjar

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Vesturbæjar um umferðaröryggisaðgerðir á Hringbraut

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 16. mars 2022 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarstjóri sagði á íbúafundi í Vesturbæ nýlega að von væri á upplyftum gatnamótum á Hringbraut/Hofsvallagötu og nýjum ljósum við Bræðraborgarstíg og Framnesveg. Hvernig verða þessi gatnamót útfærð? Ráðið endurtekur að þörf er á heildarhönnun og ný umferðljós taki mið af bættri hönnun með alvöru þverunum og hjólaleiðum yfir Hringbraut.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Svar við fyrirspurn:

Þessum framkvæmdum var frestað af borgarráði. Á þessum tímapunkti er ekki ljóst hvenær eða með hvaða hætti verður farið í umræddar framkvæmdir. Umferðarljósabúnaður hefur verið endurnýjaður og á sama tíma voru gerðar lagfæringar til að bæta staðsetningu stólpa á svæðinu.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint svar berst við fyrirspurninni.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri